

REGLUGJÖRÐ

um

67

24. ágúst

sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923.

Samkvæmt 45. gr. í lögum nr. 64 frá 1928 eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um varnir gegn misbrúkun við sölu og veitingu vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3, frá 1923, og um hæfilegan skipsforða af vínnum þessum.

1. gr.

Áfengisverslun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útbú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði.

2. gr.

Áfengisverslun ríkisins má ein flytja vínin inn.

3. gr.

Áfengisverslunin selur vínin, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugjörð þessari og gildandi lögum.

Verslunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vínnum.

4. gr.

Áfengisverslunin selur vínin þeim, er hjer segir:

1. Veitingastöðum, sem veita mega vínin samkvæmt reglugjörðinni.
2. Læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins þau vín, sem talin eru í lyfsöluskrá, og aðeins til lyfja.

5. gr.

Áfengisverslunin ákveður útsöluverð vínanna. Er henni heimilt að leggja 25—75% á þau, miðað við verð þeirra að tolli meðtöldum, þegar þau eru komin í hús í Reykjavík. — Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið ræður forstöðumenn útbúanna og ákveður kjör þeirra. Skulu þeir fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugjörðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er ráðuneytið kann að setja um söluna yfirleitt eða sjerstaklega fyrir hvern sölustað.

67

24. ágúst

Forstöðumönnum útbúanna skal skylt að færa í frumbækur (tví-ritunarbækur) sjerhverja afhendingu og geta nafns kaupanda og dagsetningar í hvert skifti. Að öðru leyti er forstöðumanni áfengisverslunar í samráði við dómsmálaráðuneytið skylt að mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útbúanna skuli hagað.

7. gr.

8. gr.

Útsölustaðir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum til kl. 9 árdegis á mánudögum.

9. gr.

Veitingu vína (þ. e. sölu til neyslu á staðnum) má aðeins hafa um hönd í þeim veitingahúsum, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess. Skyldur er veitingasali að fara eftir þeim reglum, sem ráðuneytið setur honum. Í engu veitingahúsi má veita áfengi nema með mat í borðsal veitingahússins, og ekki nema á tímabilinu frá kl. 11 árdegis til kl. 1½ síðdegis, og frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 síðdegis. Frá kl. 2 síðdegis til kl. 6 síðdegis, og eftir kl. 9½ síðdegis má alls ekki neyta vins í veitingahúsi.

10. gr.

Enginn má hafa með sjer vín í veitingahús eða hafa það með sjer þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sje brotið gegn þessu.

11. gr.

Óheimilt er áfengisversluninni, útbúum hennar og veitingastöðum að selja vín:

1. þeim, sem eru yngri en 21 árs;
2. þeim, sem vín sjer á, er þeir beiðast kaupa;
3. þeim, sem á 6 mánaða tímabili á undan kaupbeiðninni hafa orðið brotlegir við áfengislöggjöfina. Skal lögreglustjórum og dómurum skylt að tilkynna áfengisversluninni og næsta útbúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur, en áfengisverslunin tilkynnir útbúum sínum brotið, svo og veitingastöðum þeim, er vinsöluleyfi hafa.

12. gr.

Áfengisverslunin setur merki sitt á hverja flösku, sem verslunin lætur úti. Hver, sem notar eftirmynd af merkjunum eða misbrúkar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu samkvæmt lögum.

13. gr.

67

Hæfilegur skipsforði, er hafa má óinnsiglaðan, telst vera 1 lítri^{24. ágúst} á dag handa hverjum þremur skipverjum, á meðan skipið er hjer við land, og sje eingöngu miðað við þá, sem náð hafa 21 árs aldri. Af skipsforða má ekki selja og ekki gefa öðrum en skipverjum.

14. gr.

Um brot gegn reglugjörð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

15. gr.

Reglugjörð þessi gengur þegar í gildi, og er jafnframt úr gildi feld reglugjörð nr. 65 frá 1922.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

GJALDSKRÁ

68
28. ágúst

fyrir

notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, er um hemil 40 krónur á ári fyrir hver 100 watt, en um mæli 30 aurar fyrir hverja kílówattstund.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarsstaðar, ákveður hreppsnefndin verðið fyrir hverja kílówattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhússljósa einstakra manna og fjelaga, í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem engin íbúð er í, fer um gjaldið eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um hemil og mæli, er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka alt að 20% en lækka alt að 40% frá því, sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnefndin sjálf gjaldið.